

Ferðir Íslendinga til Vesturheims

Á árunum 1870 til 1914 fluttu næstum 14.000 Íslendingar til Kanada og stofnuðu þar Íslendingabyggðir. Íslendingar af öllum stéttum leituðu betra lífs í Kanada. Á meðal þeirra sem fluttu vestur voru mörg íslensk skáld sem ortu um föðurlandið með söknuði. Mikil fátækt og atvinnuleysi var á Íslandi á þeim tíma og fólk sem sigldi til Kanada trúði á ný tækifæri í nýja landinu. Margir Íslendingar gerðust bændur í Kanada og sumir fóru að vinna við að leggja járnbrautir eða skógarhögg. Sumir áttu gott líf í Kanada og voru fegnir að komast úr fátæktinni á Íslandi. Ekki voru þó allir heppnir því margir bjuggu við sára fátækt og máttu þola sjúkdóma og dauða í fjölskyldunni.

Stephan G. Stephansson

Stephan G. Stephansson (1853-1927) flutti ungur frá Íslandi til Kanada og var bóndi þar. Stephan er eitt merkasta ljóðskáld Íslendinga. Hann gekk aldrei í skóla og orti ljóð sín meðfram bústörfum í Alberta í Kanada. „Þó þú langförull legðir“ heitir þekkt ljóð eftir Stephan G. Stephansson. Það fjallar um Ísland, kraft landsins og stórbrotna náttúru. Í ljóðinu má sjá að skáldið saknaði föðurlandsins.

Svona er ljóð Stephans:

*Þó þú langförull legðir
sérhvert land undir fót,
bera hugur og hjarta
samt þíns heimalands mót,
frænka eldfjalls og íshafs!
sifji árfoss og hvers!
dóttir langholts og lyngmós!
sonur landvers og skers!*

Íslendingar í Kanada

Íslendingar í Kanada voru einangraðir í Nýja-Íslandi. Þeir lásu mikið og skrifuðu á íslensku. Vesturíslenskan er íslensk mállýska og er aðallega töluð fyrir norðan Winnipeg í Kanada og í Norður-Dakota í Bandaríkjunum. Í vesturíslensku eru mjög mörg tökuorð úr ensku. Tökuorðin eru ekki jafn-algeng í íslensku á Íslandi. Beygingar í vesturíslensku og íslensku eru líka oft ólíkar og mikill framburðarmunur er á íslensku í Kanada og á Íslandi.